

1. Almenn:

Tungusilungur ehf., kt. 530802-2210, Strandgötu 39, 460 Tálknafirði, hefur verið með rekstrarleyfi (FE-1049/IS-36125) fyrir matfiskeldi í landeldisstöð sinni í Tálknafirði. Fyrirtækið sótti um endurnýjun á rekstrarleyfi þann 8. febrúar 2024.

Fiskeldisstöðin er staðsett á þremur staðsetningum í Tálknafirði, annars vegar í þéttbýlinu Tálknafirði við Þórsberg og hins vegar á Mjóaparti og á Keldeyri með frárennsli til sjávar. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður fiskeldisstöðvarinnar er þannig að öll ker eru með ristar ásamt vörn í affalli.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru þau gögn sem stofnunin óskaði eftir vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Tungusilungs ehf. skv. 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 22. mars til 19. apríl 2024 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmetan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

Matvælastofnun hefur í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi endurmetið hvort fyrirtækið uppfylli kröfur laga um heilbrigði dýra og afurðir, auk krafna um velferð og staðfestir að svo sé.

2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Tungusilungs ehf. Rekstrarleyfið heimilar 200 tonna hámarkslífmassa til matfiskeldis á bleikju og regnbogasilungi.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er í gildi og rennur út 22. nóvember 2038. Rekstrarleyfið gildir til 29. apríl 2040.

Þegar rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1221) kemur það í stað rekstrarleyfis Tungusilungs ehf. (FE-1094/IS-36125).

Selfossi, 29. apríl 2024